

Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

13. fundur, haldinn á skrifstofu FSÍ, mánudaginn 11. mars 2019, kl. 19:30

Fundinn sátu: Arnar Ólafsson, formaður, Kristinn Arason, varaformaður, Þór Ólafsson, gjaldkeri, Sandra Árnadóttir, formaður tækninefndar kvenna, Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir, formaður laganefndar.

Boðuð forföll: Kristín Ívarsdóttir, ritari, Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir, meðstjórnandi, Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir, meðstjórnandi, Hulda Árnadóttir, meðstjórnandi, Hlín Bjarnadóttir, formaður fræðslunefndar, Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir, formaður tækninefndar í hóp fimleikum.

Fundargerð ritaði: Sólveig Jónsdóttir.

1. Erindi samþykkt á milli funda

- Erindi frá Fimleikadeild Ármanns og Fimleikafélaginu Björk þar sem þau óska eftir því að fá að keppa með sameiginlegt lið á Bikarmóti FSÍ í frjálsum æfingum karla.

Stjórn samþykkti erindið að fengnu álit tækninefndar karla þann 26. febrúar.

- Erindi frá landsliðsþjálfurum kvenna og stúlkna þar sem óskað er eftir að fá Gerrit Beltman til landsins tvisvar sinnum yfir önnina með það að markmiði að bæta þekkingu og getu iðkenda, félagsþjálfara og landsliðsþjálfara. Erindinu fylgdi fjárhagsáætlun og skipulag. æfingahelganna.

Stjórn samþykkti erindið.

- Erindi varðandi Norður-Evrópumót í áhaldafimleikum sem fyrirhugað var að halda á Akureyri 2017. Þar sem að þátttaka á mótinu var mjög dræm, var ákveðið að fella mótið niður og óska eftir því að fá að halda mótið að ári (2019) sem var samþykkt.

Nú er komin upp sú staða að tíminn líður hratt og þátttökupjóðirnar farnar að ýta eftir svörum um dagsetningu og mótsstað. Á sínum tíma (2017) þegar ákveðið var að halda mótið á Akureyri, passaði það mjög vel inn í dagatal og skipulag sambandsins fyrir árið 2018. Hins vegar er annað uppi á teningnum fyrir árið 2019 þar sem að erlend mót raðast öðruvísi og Eurogym2020 er farið að taka meira pláss í verkefnastöðu skrifstofu.

Formenn og varaformenn FSÍ og FIMAK funduðu um málið, þar sem fram kom ósk FSÍ um að færa mótið til Reykjavíkur sem og að halda Norðurlandamótið í hóp fimleikum 2021 á Akureyri.

Stjórn samþykkti að færa NEM til Reykjavíkur og að halda NM á Akureyri að því að því gefnu að næg gistirými séu til staðar fyrir þátttakendur og að keppnishöllin mæti þeim kröfum sem FSÍ þarf að standa skil á. Eftir vettvangsheimsókn leggur stjórn áherslu á að undirritaður verði samningur á milli FSÍ og FIMAK og gerður verði viðauki við þann samning er snýr að verkaskiptingu.



2. Úthlutun úr íþróttasjóði - Parkour

Umræður um úthlutunina og þau verkefni sem snúa að fræðslu á Parkour.

Stjórn fagnar styrknum og felur fræðslustjóra að vinna úr honum.

3. Úthlutun úr Íþróttasjóði – Útbreiðsla á landsbyggðinni

Umræður um úthlutunina og mikilvægi þess að vera í góðu sambandi við landsbyggðina, þá sér í lagi ný félög sem eru að byrja með fimleikapjálfun og skráningar í Þjónustugátt FSÍ.

Stjórn fagnar styrknum og felur fræðslustjóra að vinna úr honum.

4. ÍSÍ tengd málefni

- Framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur samþykkt styrkveitingu úr afrekssjóði ÍSÍ til FSÍ vegna verkefna ársins 2019. ÍSÍ hefur óskað eftir því að fulltrúar sérsambandsins fundi með starfsmanni sjóðsins vegna endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar sem fylgdi umsókninni og ósk sambandsins um greiðsludreifingu styrksins. Í framhaldinu verður svo hægt að undirrita formlegan samning og óskar ÍSÍ eftir tillögu FSÍ að hentugum viðburði til þess.

Stjórn fagnar styrknum og þeirri vinnu sem unnin hefur verið í þessum málaflokki en ljóst er að vinna undanfarinna mánaða er að skila sér í góðri úthlutun.

- Íþróttaping ÍSÍ fer fram dagana 3. – 4. maí í Gullhömrum, Grafarvogi. Tillögur sem óskast teknar fyrir á þingi skulu hafa borist framkvæmdarstjórn ÍSÍ fjórum vikum fyrir þing, föstudaginn 5. apríl. Tilkynningar um framboð til forseta- og stjórnarkjörs skulu berast kjörnefnd Íþróttapings eigi síðar en þremur vikum fyrir þing, föstudaginn 12. apríl. Fulltrúafjöldi FSÍ á Íþróttapingi ÍSÍ er 7 þar sem fjöldi iðkenda er 10.506. Kjörbréfum þarf að skila útfylltum og undirrituðum til framkvæmdastjórnar ÍSÍ eigi síðar en tveimur vikum fyrir Íþróttaping, föstudaginn 19. apríl.

Stjórn telur mikilvægt að gott fólk starfi í íþróttahreyfingunni og mun fram að næsta fundi velta upp fólk til að bjóða sig fram í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Þau málefni sem stjórn telur mikilvægt að tekin verði fyrir á þinginu eru málefni hinsegin fólks í íþróttum og aðstöðumál sérsambanda í íþróttamiðstöðinni. Stjórn felur framkvæmdastjóra að setja sig í samband við Samtökin 78 og leita ráða og stuðnings varðandi regluverk og framkvæmd keppnisreglna hinsegin fólks sem og að setja sig í samband við önnur sérsambönd varðandi þá vinnuaðstöðu sem er í boði fyrir sérsamböndin og hvernig er best að bæta núverandi ástand.



5. Staðan á samstarfsaðilum FSÍ

Á síðasta ári enduðu samstarfssamningar WOW og Vífilfells við sambandið. Unnið hefur verið að því að hefja samstarf við nýja aðila og hefur Sjóvá gengið til liðs við FSÍ ásamt því að viðræður standa yfir við Ölgerðina. Staðan er hins vegar sú að litlar líkur eru á að WOW gangi til samninga sökum erfiðrar stöðu og því nauðsynlegt fyrir sambandið að leita nýrra leiða og finna fyrirtæki til að vinna með.

Áframhaldandi vinna í þessum málaflokki er mikilvæg og þörf á að virkja fjáröflunar- og markaðsnefnd sambandsins til að sinna samstarfsaðilum sambandsins betur og afla nýrra.

6. Staðan á mótamálum FSÍ.

Mótahald sambandsins er sprungið og þarfnast gagngerrar endurskoðunar. Eftir formannafund vorannar er ljóst að félögin munu standa saman að því að gera Íslandsmót í fimleikum að enn stærri viðburði en áður og skipa mótanefnd um viðburðina að hausti. Í vetur hefur reynst erfitt að manna dómaraagildi, mótin hafa verið þétt og löng seta dómara í hverjum hluta hefur gert okkur erfiðara fyrir. Þar sem að fyrirkomulag Íslandsmóts er að fara í endurskoðun og ljóst að einnig þarf að skoða önnur mót, eins og bikarmótaröðina og þrepamótaröðina.

Stjórn leggur til að tækninefndum verði falið að koma með tillögur að endurbótum að mótahaldi FSÍ, á sama tíma fundi skrifstofa með hópi sjálfboðaliða sem hefur á einn eða annan hátt komið að mótahaldinu undanfarið. Þessi hópur setji svo saman tillögu að breyttu mótahaldi FSÍ og leggi fyrir þing FSÍ.

7. Önnur mál

Umræður um dómara námskeið að hausti, breytt mótahald og verðlaunagjöf, niðurröðun dómara í erlend verkefni og dagsetningar fyrir skil á gögnum fyrir Fimleikapeing 2019

Fundi slitið kl. 21:10

14. fundur stjórnar verður haldinn á skrifstofu FSÍ, mánudaginn 1. apríl 2019, kl. 12:00.

